# SNJALLSTEINSHÖFÐI 1D í Rangárþingi ytra

## Deiliskipulag landspildu




Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:2.000.




Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010 - 2022
í mkv. 1:50.000.




Skýringaruppdráttur í mkv. 1:4.000.

**GREINARGERÐ**

**1. INNGANGUR**

**Skipulagssvæðið**
Deiliskipulagið nær til rúmlega 20 ha landspildu, Snjallsteinshöfða 1D í Rangárþingi ytra, landnr. 223329. Deiliskipulagið tekur til byggingareits fyrir íbúðarhús, gestahús/geymsla og hesthús. Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022 en þar er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

**Kortagrunnar**
Skipulagsuppdráttur er teiknaður eftir loftmyndum frá Loftmyndum ehf. Hnitakerfi er í ISN93.

**Skipulagsgögn**
i. Deiliskipulagsuppdráttur í mælikvarða 1:2.000.
ii. Skýringaruppdráttur í mælikvarða 1:4.000.
iii. Afstöðumynd í mælikvarða 1:50.000 sem er hluti af Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022.

**Fornminjar**
Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðis.

**2. LÝSING DEILISKIPULAGS**

**Skipulagssvæði**
Svæði það sem um ræðir er um 11 ha að stærð. Landið er algróið, aðallega gras- og mólendi og landið flatlent.

**Mörk**
Lóðamörk eru í samræmi við landskiptaskjal sem unnið var af Landnot ehf, dags. 27. maí 2015. Þar kemur fram að lóð með landnr. 223329 er 20,2 ha.

**Byggingar**
Innan byggingareits er heimilt að byggja allt að 200 m² íbúðarhús og bílskúr, allt að 40 m² gestahús/geymslu, og allt að 400 m² hesthús. Mesta hæð á mæni getur verið allt að 6 m m.v. gólfhæð. Mænisstefna er frjáls en gæta skal samræmis milli bygginga. Staðsetning bygginga innan byggingarreits er frjáls og einungis sýnd tillaga að staðsetningu á uppdrætti.

**Aðkoma og bílastæði**
Aðkoma er um Ábæjarveg nr. 271. Lagður verður vegur af honum að nýjum byggingum. Vegir og bílastæði eru sýnd á uppdrætti.

**Veitur**
Byggingar verða tengdar dreifikerfi Rarik og Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps. Lagnir skulu fylgja vegum eftir því sem við verður komið. Frárennsli verður leitt í sameiginlegt hreinsivirki og verður frágangur í samræmi við reglugerð um fráveitur nr. 798/1999.
Sorphirða fer eftir reglum sveitarfélags hverju sinni.

**3. ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR**

**Hönnun og uppdrættir**
Húsagerðir eru frjálsar að öðru leyti en því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um.

**4. UMHVERFISÁHRIF**
Uppbygging á landbúnaðarsvæðum styrkir byggð í sveitarfélaginu en eitt af markmiðum sveitarstjórnar er aðstuðla að hagkvæmri þróun byggðar. Landspildan sem um ræðir er í góðum tengslum við vegi og núverandi byggð. Nýbýli stuðla einnig að fjölgun íbúa ásvæðinu sem aftur getur eflt verslun- og þjónustu.

Deiliskipulagstillagan var kynnt dags. __________
Deiliskipulagstillagan var auglýst frá___________ til ___________

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann ----------

______________________________________________
F.h. sveitarstjórnar Rangárþings ytra

Deiliskipulagstillagan öðlast gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann ___________

| STEINSHOLT | Snjallsteinshöfði 1D<br>Deiliskipulag | |
|---|---|---|
| Suðurlandsvegi 1-3<br>850 Hella. S. 487 7800<br>www.steinsholtsf.is | Verk: 8614 DI168<br>Mkv: 1:2.000<br>Blaðstærð: A2 | Dags: 30.03.2016<br>Breytt: |
| Hannað: GG<br>Teiknað: GLS | Samþykkt: | Í VINNSLU |